

„Ég get kennt með minni tilveru“

Sýn nemenda í tómstunda- og félagsmálafræði á óhefðbundið nám á vettvangi

Höfundur: Steingerður Kristjánsdóttir, aðjúnt, steingek@hi.is

Ágrip:

Í þessu erindi verður gerð grein fyrir fyrstu niðurstöðum rannsóknar þar sem markmiðið var að draga saman viðhorf og sýn nemenda á þriðja ári í tómstunda- og félagsmálafræði, til framtíðar starfa sinna. Reifuð verða tengsl þessa verkefnis við notkun nemenda á gervigreind í námi og hvernig gervigreind hefði leyst sama verkefni og rannsóknin byggir á.

Gögnum var safnað með þeim hætti að nemendur skýrðu frá eigin brjósti starfskenningu sína og hlutverk sitt í óformlegri miðlun í áfanga í vettvangsnámi. Um var að ræða nemendur á þriðja ári í tómstunda- og félagsmálafræði sem sátu áfangann annarsvegar haustið 2023 og hinsvegar 2024.

Leyfi nemenda fyrir notkun á gögnunum var aflað munnlega við fyrirlögn verkefnisins og í verkefnalýsingu á viðkomandi verkefni. Gögnin eru án persónuauðkenna. Við vinnslu þeirra var beitt eigindlegri aðferðarfræði þar sem verkefni nemendanna voru þemagreind og kóðuð.

Fyrstu niðurstöður gefa til kynna að nemendur á þriðja ári í tómstunda- og félagsmálafræði hafa skýra sýn á mikilvægi óformlegrar miðlunar/kennslu í framtíðarstarfi sínu. Þau sýna fram á ríka tilfinningu fyrir mikilvægi sínu sem „áhrifavaldar“ og búa yfir sterkri fagvitund.

Rannsóknin gefur vísbendingar um að nemendur sjái framtíð sína sem fagfólk mjög skýra sem og hugmyndir þeirra um eigin gildi. Þrátt fyrir þessar jákvæðu vísbendingar gefur hún einnig tilefni til frekari vinnu hjá námsbrautinni við að styðja og styrkja þessa þætti í námi nemenda í tómstunda- og félagsmálafræði enn frekar.

